

Ár 2019, miðvikudaginn 10. júlí er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Halldóri Frímannssyni og Presti Ríkharðssyni

Fyrir er tekið málið nr. 2/ 2019

Knattspyrnufélagið Breiðholt(KB)
gegn
Knattspyrnusambandi Íslands

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi: Knattspyrnufélag Breiðholts(KB)
Austurbergi 1, Reykjavík, 111 Reykjavík
Fyrirsvarmaður
Örn Þór Karlsson k.t. 211296-2249

Kærði: Knattspyrnusamband Íslands, kt. 700169-3679,
Laugardalur, 104 Reykjavík

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ innan kærufrests. Aga- og úrskurðarnefnd gaf kærða kost á að gera athugasemdir við kærana sem kærði nýtti sér og liggur greinargerð hans frammi í málinu.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að upphafleg úrslit leiksins standi og sekt verði látin niður falla.

Málavextir:

Í kæru kemur fram eftirfarandi fram hjá kæranda (KB):

KB sendi inn félagaskipti til KSÍ á föstudegi (15.03.2019), fyrir leikmann (Arnór Inga Guðjónsson) sem átti að leika með liðinu daginn eftir (16.03.2019). Á laugardeginum hafði KB samband við starfsmann KSÍ sem sagði að leikmaðurinn væri löglegur í leiknum ef að félagaskiptin hefðu verið send á föstudeginum sem KB telur sig hafa gert. Félagaskiptin bárust hinsvegar ekki til KSÍ fyrr en á laugardeginum (16.03.2019) og því var leikmaður ólöglegur í leiknum að mati KSÍ, ástæðan fyrir því að félagaskiptin bárust KSÍ of seint eru öllum aðilum ókunn enda um tæknileg vandamál að ræða.

1. Tilvísun (til þeirra laga og reglugerða,sem byggt er á í málinu):

Grein 15.4. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Almennt skal gilda, að leikmaður fær keppnisleyfi frá og með tilteknum degi hafi fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin borist til skrifstofu KSÍ fyrir miðnætti daginn áður, en þó verður tilkynning sem berst um helgi eða á frídegi að öllu jöfnu afgreidd næsta virka dag á eftir og keppnisleyfi gefið út frá og með þeim degi.

2. Röksemdir:

KB sendi félagaskiptin innan þess tímaramma sem KSÍ tilsetti og ætti ekki að refsast félaginu fyrir tæknileg mistök.

KB hefur gögn undir höndum sem sýna að félagaskiptin voru send á föstudeginum.

Umræddur leikmaður sem lék fyrir KB í umræddum leik er ungur og efnilegur leikmaður sem lék leikinn til að öðlast meiri reynslu í meistarflokks knattspyrnu. Ekki er um að ræða erlendan leikmann á reynslu eins og svo oft á við í svona tilfellum.

Leikmaðurinn hafði ekki stórvægileg áhrif á úrslit leiksins.

3. Sönnunargögn:

Mynd 1 Sýnir að afrit (IMG.231) af félagaskiptunum var send til KSÍ fyrir ellefu dögum síðan eða 15.mars 2019 klukkan 15:16.

Mynd 2 Sýnir að félagaskiptin voru skönnuð inn á tölvupóst föstudaginn 15. mars klukkan 15:14 til sendingar til KSÍ.

Myndband með frekari úrskýringum á gögnum send á haukur@ksi.is

III.

Kærði skilaði greinargerð þar sem fram kemur eftirfarandi:

Kröfur KSÍ

Að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ meti gögn málsins og úrskurði hvort skrifstofa KSÍ hafi gefið út keppnisleyfi fyrir Arnór Inga Guðjónsson í samræmi við reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Málavextir

Þann 16. mars kl. 18.09 berst skrifstofu KSÍ sjálfvirkt skeyti úr mótakerfi KSÍ þar sem tilkynnt er að Arnór Ingi Guðjónsson hafi leikið ólöglegur með KB í leiknum KB - Berserkir í Lengjubíkar karla fyrr um daginn. Í tilfellum sem þessum ber mótanefnd KSÍ að úrskurða KB tap 0-3 og sekta skv. reglugerð KSÍ um Deildarbikarkeppni KSÍ ákvæði 10.1 og 11.2;

10.1 *Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð kr. 30.000 og að auki kr. 30.000 fyrir hvern leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með viðkomandi félagi og tekur þátt í leiknum. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð kr. 100.000.*

11.2 *Félag, sem notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með því eða notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Staðfesti*

skrifstofa KSÍ að þátttakandi hafi verið óhlutgengur í leik skal mótanefnd þegar í stað skrá úrslit leiksins skv. ofangreindu og tilkynna það viðkomandi félögum. Heimilt er að kæra slíka skráningu til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ og skal kærufrestur telja frá þeim degi sem tilkynningin er gefin út.

Áður en mótastjóri KSÍ tilkynnti að KB hefði tapað leiknum 0-3 og sektað félagið um kr. 60.000.-, var farið vandlega yfir það með starfmönnum félagaskipta hvort mistök hefðu verið gerð við útgáfu keppnisleyfis fyrir umræddan leikmann. Skrifstofa KSÍ fann engin gögn þess efnis að félagaskiptaeyðublaðið hefði borist föstudaginn 15. mars, sem er grundvöllurinn fyrir því að hægt væri að gefa út keppnisleyfi frá og með 16. mars, skv. gr. 15.4 í Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

15.4. *Almennt skal gilda, að leikmaður fær keppnisleyfi frá og með tilteknum degi hafi fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin borist til skrifstofu KSÍ fyrir miðnætti daginn áður, en þó verður tilkynning sem berst um helgi eða á frídegi að öllu jöfnu afgreidd næsta virka dag á eftir og keppnisleyfi gefið út frá og með þeim degi. Berist tilkynning um félagaskipti undirrituð af leikmanni og félagi sem gengið er í, fyrir miðnætti á lokadegi félagaskiptatímabils skal íslensku félagi sem gengið er úr gefinn einn virkur dagur til að ganga frá félagaskiptunum með undirritun. Keppnisleyfi með nýju félagi getur því tekið gildi í slíkum tilfellum nokkrum dögum eftir að félagaskiptatímabili lýkur en við útgáfu slíks keppnisleyfis ber að gæta þess að a.m.k. tveir dagar líði á milli leikja hjá leikmanninum. Þegar félagið sem gengið er úr er erlent skulu reglur FIFA gilda og getur keppnisleyfi verið gefið út allt að 7 dögum frá lokadegi félagaskiptatímabils.*

Einnig verður að hafa í huga í þessu samhengi að skv. grein 3.2. í Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, er gert ráð fyrir að skrifstofu KSÍ verði að hafa borist fullfrágengin tilkynning um félagaskipti, hún hafi verið móttækin af skrifstofunni og að gefið hafi verið út keppnisleyfi fyrir leikmanninn, svo leikmenn teljist hlutgengir í knattspyrnumótum.

3.2. *Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn sem hafa keppnisleyfi sbr. 3.1. Kjósi leikmaður að skipta um félag er hann hlutgengur með nýja félaginu degi eftir að fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin hefur verið móttækin af skrifstofu KSÍ, sbr. 15. og 16. gr., og gefið hefur verið út keppnisleyfi fyrir hann.*

Vegna ofangreindra ástæðna, telur mótanefnd KSÍ sér hafi verið skylt í samræmi við ofangreind ákvæði reglugerðar KSÍ um Deildarbikarkeppni KSÍ, að gef út tilkynningu þess efnis að KB hefði tapað leiknum 0-3 og sektað um 60. þúsund kronur.

Meðfylgjandi gögn

- Tölvupóstur KB með eyðublaði um félagaskipti Arnórs Inga
- Sjálfvirkt skeyti úr mótakerfi KSÍ frá 16. mars.
- Tilkynning um ólöglegan leikmann til KB frá 25. mars“

III

Niðurstaða:

Um kröfur, málsatvik og málsástæður er vísað til framanritaðs.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ tekur undir þau sjónarmið kærða og tilvísun í grein 3.2. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, þar sem fram koma þau skilyrði að skrifstofu KSÍ verði að hafa borist fullfrágengin tilkynning um félagaskipti, hún hafi verið móttækin af skrifstofunni og að gefið hafi verið út keppnisleyfi fyrir viðkomandi leikmann, svo leikmenn teljist hlutgengir í knattspyrnumótum.

Upplýst hefur verið ennfremur að kærði hefur engin gögn í sínum fótum þess efnis að félagaskiptaeyðublaðið varðandi nefndan leikmann, Arnór Inga Guðjónsson, hafi borist föstudaginn 15. mars s.l., sem er grundvöllurinn fyrir því að hægt hafi verið að gefa út keppnisleyfi til leikmannsins frá og með 16. mars. s.l. skv. gr. 15.4 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Með tilvísun til þessa er ljóst að kærandi hefur ekki í þessu máli getað fært sönnur á að kærði hafi móttækið áðurnefnd félagaskipti innan framangreinds frest sem hefur það í för með sér að leikmaðurinn Arnór Ingi Guðjónsson leikmaður KB var ólöglegur í framangreindum leik KB gegn Berserkjum í Deildarbikarkeppni KSÍ.

Af framangöngu leiðir að staðfest er ákvörðun mótanefndar KSÍ í samræmi við ofangreind ákvæði reglugerðar KSÍ um Deildarbikarkeppni KSÍ, að gefa út tilkynningu þess efnis að kærandi (KB) hafi tapað framangreindum leik við Berserki 0-3 og kærandi sektaður um 60 þúsund krónur.

Úrskurðarorð:

Staðfest er sú ákvörðun mótanefndar KSÍ, að kærandi (KB) hafi tapað leik í Deildarbikarkeppni KSÍ við Berserki 0-3. Kærandi er ennfremur sektaður um 60 þúsund krónur.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Halldór Frímannsson [sign]

Þróstur Ríkharðsson [sign]

Um áfrýjun:

Í samræmi við gr. 17.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál skal frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ vera 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.